

Föstudaginn 22. febr. 1935.

Nr. 172/1934. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Ólafi Kjartani Ólafssyni og Hjálmtý**

**Guðvarðssyni** (Th. B. Líndal).

Brot g. 101. og 102. gr. hegnl.

*Dómur aukaréttar Reykjavíkur 24. sept. 1934:* Ákærður, Ólafur Kjartan Ólafsson, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 18 daga.

Ákærður, Hjálmtýr Guðvarðsson, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 18 daga einföldu fangelsi.

Ákærður, Hjálmtýr Guðvarðsson, greiði 300 króna sekt þar á meðal 35 krónur til skipaðs talsmanns síns Arnljóts Jónssonar, lögfræðings.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur hæstaréttar.**

Með skírskotun til þess, er í forsendum hins áfrýjaða dóms segir, þykir mega staðfesta hann, þó svo að greiðslufrestur sektanna verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Svo greiði hinir ákærðu in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

### **Því dæmist rétt vera:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að greiðslufrestur sektanna verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Svo greiði hinir ákærðu Ólafur Kjartan Ólafsson og Hjálmtýr

Guðvarðsson in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Theódórs B. Líndal, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn þeim Hjálmtý Guðvarðssyni og Ólafi Kjartan Ólafssyni, báðum til heimilis hér í bæ, fyrir brot á hinum almennu hegningarlögum frá 1869 og áfengislögum nr. 64, 1930 og reglugerð nr. 108 1931, um sölu og veitingar vína þeirra, sem um ræðir í lögum nr. 3 frá 1923.

Báðir hinir ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna, Hjálmtýr er fæddur 9. ágúst 1912 en Ólafur Kjartan 25. júlí 1914.

Málavextir eru þeir, sem nú greinir, sannaðir með eigin játningu ákærðu og öðrum gögnum, sem fram hafa komið í málinu.

Sunnudaginn 2. þ. m. var skemmtun haldin að Viðistöðum í Hafnarfirði og voru ákærðir þar. Meðal lögregluþjóna þeirra, sem þar voru, var Karl Guðmundsson, og þóttist hann taka eftir, að ákærður Hjálmtýr væri með flösku á sér inni í veitingatjaldi, sem þar var. Fór hann nú að veita ákærðum báðum, sem voru saman, nánari eftirtekt og tóku þeir þá að senda honum glósur og hefir lögregluþjónninn borið að þeir hafi ögrað sér með því, að segja að þeir væru með heimabruggað áfengi á sér. Lögregluþjónninn ákvað þegar að rannsaka þetta nánar og kallaði sér til aðstoðar Sigurð Thorarensen, lögregluþjón, sem einnig gegndi þarna löggæzlustörfum. Gengu þeir síðan að ákærðum, þar sem þeir sátu í veitingatjaldinu og drukku citron og tóku þá fasta og um leið tók Karl flösku, sem stóð upp úr vasa ákærðs Hjálmtýs og reyndist að vera á henni portvín. Lög-

regluþjónarnir fóru síðan með ákærðu út í bíl, óku með þá til Reykjavíkur og settu þá í varðhald.

Þegar lögregluþjónarnir handtóku ákærðu, mótmælti ákærði Hjálmtýr því þegar í stað og viðhöfðu báðir illyrði um lögregluna. Bar ákærður Hjálmtýr það meðal annars fram, að í lögreglunni væru menn bæði drykkfeldir og þjófóttir, án þess þó að tilgreina nokkra sérstaka, eða geta síðar fyrir rétti greint nein rök að þeirri ásökun. Ákærður Ólafur Kjartan beitti aftur á móti hótunum við lögregluna. Hótaði hann að drepa báða þá lögregluþjóna, sem handtóku þá féлага og einn nafngreindan lögregluþjón að auki.

Ákærður Ólafur Kjartan hefir fyrir réttinum neitað því, að hafa meint greindar hótanir alvarlega og kvaðst ekki hafa ætlað til að þær væru alvarlega teknar.

Báðir hafa ákærðir viðurkennt að hafa neytt nokkurs áfengis, en ekki verður talið eftir því, sem fram er komið í málinu, að þeir hafi verið ölvaðir svo við lög varði.

Báðir hafa ákærðir verið dómfældir áður svo sem hér segir:

*Hjálmtýr Guðvarðsson:* 13. nóvember 1931 dæmdur í Hæstarétti fyrir innbrotsþjófnað í 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið.

27. okt. 1933, undirgengizt 200 króna sekt fyrir ólöglegt áfengi í vörslu.

28. febr. 1934 dæmdur í Hæstarétti fyrir áfengisbrot í 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 króna sekt.

14. marz 1934, dæmdur í aukarétti Reykjavíkur í 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.

*Ólafur Kjartan Ólafsson:* 18. nóv. 1933 dæmdur í lögreglurétti Reykjavíkur í 500 króna sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.

28. febrúar 1934 dæmdur í Hæstarétti fyrir áfengislagabrot í 400 króna sekt.

14. marz 1934 dæmdur í aukarétti Reykjavíkur fyrir þjófnað í 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið.

12. júní 1934, dæmdur í lögreglurétti Reykjavíkur í 800 króna sekt og 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir áfengisbruggun.

Með framangreindum hótunum og hrópyrðum við lög-

regluþjóna hefir ákærður Ólafur Kjartan Ólafsson gerzt sekur við 101. gr. og 102. gr. alm. hegningarlaga og með tilliti til þess að telja má að hótanirnar séu frekar reiðiyrði ákærðs, en alvarlega meintar, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 18 daga einföldu fangelsi.

Ákærður Hjálmtýr hefir með brixlyrðum sínum gerzt sekur við 102. gr. alm. hegningarlaga og ennfremur við 10. gr. reglugerðar nr. 108 1931 um sölu og veitingar vína þeirra, sem um ræðir í lögum nr. 3 frá 1923, sbr. 41. gr. áfengislaga nr. 64 1930. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 18 daga.

Kostnað sakarinnar greiði ákærðir báðir in solidum, þar á meðal 35 krónur til skipaðs talsmanns síns, Arnljóts Jónssonar, lögfræðings.

Á máli þessum hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

---

Mánudaginn 25. febr. 1935.

Nr. 183/1934. **Réttvísir** (Jón Ásbjörnsson)  
gegn

**Póroddi Guðmundssyni, Eyjólfí  
Árnasyni, Aðalsteini Kristmunds-  
syni, Gunnari Jóhannssyni og Aðal-  
birni Péturssyni** (Guðm. Ólafsson).

Brot g. 83. gr. hegnl.

*Dómur aukaréttar Siglufjarðar 21. ágúst 1934:* Sökunautarnir, Póroddur Guðmundsson, Siglufirði, Eyjólfur Árnason, Ísafirði, Aðalsteinn Kristmundsson, sem kallar sig Stein Steinar, Reykjavík, sæti sem aðalmenn 3ja mánaða einföldu fangelsi. Kærðu Gunnar Jóhannsson og Aðalbjörn Pétursson, Siglufirði, sæti sem aðstoðarmenn 2ja mánaða einföldu fangelsi.